



Skýrsla sveitarstjóra

Lögð fram á 108. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar, miðvikudaginn 25. maí 2022.

- **Gagnaver Borealis Data Center**

Sveitarstjóri sótti vel heppnaða 60 manna ráðstefnu BDC, sem haldin var í tilefni af nýsköpunarviku í Reykjavík 19. maí s.l., þar sem komu saman fjölmargir hagaðilar, innlendir sem og erlendir, sem tengjast þessum vaxandi nýsköpunariðnaði, en þar var uppbygging gagnavers á Blönduósi sérstaklega kynnt og gott samstarf við alla. Þá var einnig kynnt nýtt samstarf BDC og ORIGO, bæði innanlands og erlendis um m.a. markakössetningu og ýmsar lausnir í hýsingu gagna og fleiri þætti. Einnig voru kynntir kostir þess að nýta þjónustu á Blönduósi, vegna jarðskjálfta á Reykjanesi ofl. Eins og fram hefur komið er hugur í nýjum eigendum að BDC, um aukna starfsemi á Blönduósi, bæði til lengri og skemmri tíma og er óskað eftir áframhaldandi góðu samstarfi við nýja sveitarstjórn í nýju og stærra sveitarfélagi.

- **Leikskólinn Barnabær**

Sveitarstjóra fór yfir stöðuna á leikskólanum, og leikskólum almennt á landinu, einnig varðandi húsnæði, mönnun og mögulega ráðningu á nýjum stjórnendum. Beina þarf því til nýrrar sveitarstjórnar að þessi mál þurfi að fá algeran forgang á næstunni.

- **Sameining Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps- ógnanir/tækifæri**

Nú þegar sameining þessara sveitarfélaga liggur fyrir þá þarf að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem augljóslega liggja í sameiningu þessara sveitarfélaga. Einnig þarf að forðast þær ógnanir sem því geta fylgt, til þess að sameiningin heppnist sem best. Farið var yfir stöðu helstu mála er varðar sameininguna og hafa verið á borðum undirbúningsstjórnar ásamt ráðgjöfum og sveitarstjórum þessara sveitarfélaga. *Nýkjörinni sveitarstjórn er óskað velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan eru.*

- **Önnur mál.....**

Sveitarstjóri þakkar fráfarandi sveitarstjórn kærlega fyrir gott samstarf og samvinnu og óskar þeim sem eru nú að hætta í sveitarstjórn velfarnaðar í störfum í framtíðinni. Þetta hefur verið að mörgu leyti óvenjulegt kjörtímabil með heimsfaraldri og mikilli vinnu við að reyna að sameina sveitarfélög í Austur- Húnavatnssýslu. Áfangar er náð.

Blönduósi 25. maí 2022.
Valdimar O Hermannsson
Sveitarstjóri Blönduósbæjar